



Fundargerð

Fundur haldinn á teams miðvikudaginn 09. 03. 2022 kl. 11.00

Mættir: Anna Bergrós Arnarsdóttir skólastjóri, Herdís Alberta Jónsdóttir og fulltrúi kennara, Sunneva Guðgeirsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Hjördís Vala Þórsdóttir fulltrúi foreldra og Aron Ingi Elmarsson fulltrúi nemenda.

Fundarritari: Herdís Jónsdóttir

Dagskrá:

Covid 19. Í dag hafa tæplega 60% starfsmanna veikst af covid 19 það sem af er þessu ári. Hjá nemendum er það misjafnt eftir árgöngum eða frá 25% í þeim bekk sem fæstir hafa veikst upp í tæplega 90%. Þó getur verið að ekki hafi verið tilkynnt um öll tilfelli veikinda hjá nemendum svo hlutfallið gæti verið hærra.

Nefndir og ráð. Kennarar við skólann taka allir þátt í einhverjum faglegum störfum í skólanum utan kennslunnar og þeirrar umsýslu sem hún krefst. Nefndir og ráð þetta skólaár eru: Heilsueflingarnefnd, Gæðateymi, UT teymi. Læsis- og jafnréttisteymi, SMT stýrihópur, Lausnateymi ásamt teymisstjórn í innleiðingu formlegrar teymisvinnu og teymiskennslu. Spurning hvort skólaráði finnist eitthvað vanta varðandi faglegu störfin eða vilji sjá aðrar og öðruvísi áherslur. Haust hvert er kennurum skipað í nefndir eftir að hafa komið með óskir um áhugasvið. Reiknað er með um klukkustundar vinnu að jafnaði.

Skóladagatal 2022-2023. Skóladagatal var samþykkt af kennarafundi þann 25. mars. Skóladagatal borið undir samþykki skólaráðs og er samþykkt.

SMT skólafærni - skólareglur. Skólinn okkar er SMT skóli og það sem einkennir okkur er að við höfum skýrar reglur varðandi skólastarfið og leggjum áherslu á að kenna reglur og að nemendur framfylgi þeim. Nemendur fá hrósmiða eða þrumur sem þeir safna saman og fá þrumugleði eða umbun þegar átta sinnum fjölda nemenda er náð af þrumum. Síðan er byrjað aftur að safna og að jafnaði eru um 5-6 sinnum þrumugleði yfir árið. Skólareglur voru síðast yfirfarnar og settar fram með nýju útliti á skólaárinu 2020-2021. Þá voru uppfærðar leiðbeiningar við reglukennslu og myndir sem hanga víðs vegar um skólann. Ákveðið agafarli er við líði sem grípa þarf til sé ekki farið af reglum.

Önnur mál

Skólalóð í hönnunarferli og von bráðar verður útboð vegna fyrsta hluta. Haft er til hliðsjónar að lóðin verði vistleg en bjóði upp á hentuga afþreyingu.

Loftgæðamælingar fóru fram í stofu 109 og 112 þar sem 1. og 2. bekkur eru núna.

Niðurstöður liggja fyrir en búið er að boða til fundar á föstudag þar sem farið verður yfir niðurstöðurnar með stjórnendum og kennurum. Rætt hefur verið um að fara í endurbætur á þessum stofum, þ.e. skipta um gólfdukk og ljós og stefnt er að framkvæmdum í apríl. Þá munu 1. og 2. bekkur sem hvor um sig eru með 12 nemendur nota stofu 106 saman.

Smiðjudagar. Ætlum að hafa fjölmenningsþema á þessum dögum í lok mánaðar. Erum að velta fyrir okkur að leita til foreldra varðandi þessa daga. Skipulag er í gangi, hugsum okkur



Fundargerð

að blanda öllum árgöngum saman. Rætt um mismunandi verkefni sem tengjast fjölmenningu barna í skólanum.

Rætt um matinn í skólanum og fólk jákvætt. Salatbarinn var tekinn í notkun í gær eftir nokkurt hlé vegna covid og vakti mikla lukku.

Fundi slitið 11:45. Herdís Jónsdóttir ritar fundargerð.